

## Óður til Reykjavíkurborgar, byggður á samtölum við vegfarendur.

### Hugmynd

Hugmyndin að lokaverkefninu kviknaði þegar ég var að gera fréttina um undirbúning kosninga í Reykjavík. Ég fór niður í miðbæ Reykjavíkur, stillti myndavélinni á þrífót og myndaði fjölbreytilegt mannlífið þar. Þegar ég stóð á tjarnarbakkanum og tók upp kynningu á fréttinni námu nokkrir vegfarendur staðar og spurðu mig hvað ég væri að gera. Umræðurnar spunnust oftast en ekki um borgina okkar, Reykjavík. Fólk sagði mér hvað heillaði það við borgina og hvers vegna því þætti hún svona aðlaðandi.

### Markmið

Þetta verður því markmiðið með lokaverkefni: Ég ætla að taka fólk á förnum vegi tali og spyrja það hvers vegna því líki við Reykjavíkurborg. Ég er búin að móta þrjár spurningar sem ég ætla að varpa til þeirra sem ég hitti til að koma af stað samræðum og spinna svo samtalið áfram í takt við það sem fólk segir mér. Mér finnst ég ekki geta skrifað þessar spurningar niður, því þá er eins og ég hafi vængstíft þær. Spurningarnar verða að koma frá mér beint til viðmælanda og ég áskil mér rétt til að breyta þeim í takt við svörin sem ég fæ hverju sinni.

Heimildamyndin verður því nokkurs konar óður til Reykjavíkur sem ég og viðmælendur mínir munu spinna saman.

### Tónn

Til að skapa hinn rétta tón í myndina, hef ég talað við tvö ljóðskáld sem ætla að fara með ljóð sín sem tengjast Reykjavíkurborg. Ljóðskáldin velja þann stað sem þau vilja vera á þegar þau fara með ljóðin. Ég hef einnig talað við hljóðfæraleikara varðandi það að spila lítið stef sem ég ætla að nota í myndina.

### Uppbygging

Ég er búin að móta í huganum grind sem ég hugsa mér myndina setta uppí, en eftir því sem verkinu framvindur þá mun þessi grind örugglega breytast.

Ég geri ráð fyrir að myndin verði 8-10 mínútur og uppbygging hennar verði nokkurn veginn svona.

- Fyrsta taka verður af sólarupprisunni yfir Reykjavíkur borg. Ég ætla að mynda frá Gufuneshöfða í austurátt. Undir þessari töku heyrast ljóð mælt af munni ljóðskálds.
- Næsta taka verður af brú yfir Miklubraut og umverðin sem streymir í báðar áttir mynduð og síðan borgin frá þessu sjónarhorni. Þessi myndataka verður í fyrsta lagi til að leggja áherslu á iðandi mannlífið í borginni. Allt er þar síkvikt og erfitt að festa hendur á eitthvað varanlegt ástand. Þar mun ég, sögumaðurinn, segja nokkur orð um mannlífið í borginni okkar. Í öðru lagi verður þessi myndataka til að gefa möguleika á „matchcut“ frá sólu að bílljósium.

- Þriðja taka verður af ljóðskáldinu sem hóf ljóðalesturinn í fyrstu töku. Þessi taka verður á þeim stað sem ljóðskáldið hefur valið og þar lýkur þetta ljóðskáld lestrinum á ljóði sínu.
- Næstu tölur verða í hjarta Reykjavíkur, miðbænum og þar verða nokkrir vegfarendur teknir tali og þeir spurðir hvað þeim líki við Reykjavíkurborg. Erfitt er að skipuleggja þessar tölur, það verður bara að koma í ljós hvernig þær verða. Ég sé fyrir mér að mynda á Lækjargötunni við hús Menntaskólans og í áttina að Hörpu, við Tjörnina í áttina að Ráðhúsinu og Hljómskálagarðinum, af Arnarhóli í áttina að Hörpu og höfninni og síðan á einhverri smágötu í nágrenni miðbæjarins, t.d. Grettisgötu. Hvað þessar tölur verða margar er óljóst á þessum tímapunkti, en þær munu taka mestan tíma í sýningu myndarinnar.
- Næst síðasta takan verður af öðru ljóðskáldi fara með ljóð sem tengist borginni. Takan verður á þeim stað sem þetta ljóðskáld mun velja sér í borginni.
- Síðasta takan verður af sólarlaginu yfir Reykjavíkurborg, tekin af Gufuneshöfða og myndavélinni beint í vesturátt. Þegar sólin hnígur til viðar líkur ljóðskáldið í næst síðustu tókunni við lestur ljóðsins og tónar hljóðfæraleikara heyrast. Í blálökin mun hljóðfæraleikarinn koma í mynd þar sem hann stendur efst á Gufuneshöfða og leikur á hljóðfæri sitt.

### **Ferlið og lokaniðurstaða**

Þetta ferli gæti breyst eftir því sem verkinu framvindur og þá mun lokaniðurstaðan verða gjörólík því sem hér er lýst. Til dæmis gæti veður haft áhrif á tölur og staðarval. Það verður því að koma í ljós þegar verkið hefst hvort hægt verður að halda sig við upphaflegt handrit, en það er alveg í takt við hugmyndina á bak við verkið. Ég hlakka til að takast á við þetta verk og mun hefja tölur um leið og hættir að rigna í Reykjavíkurborg.

Reykjavík, 30. október 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir